



Vinnureglur Íþróttá- og afrekssjóðs (fylgiskjal með reglugerð sjóðsins)

1. grein.

Um styrki til íþróttafólks sem hefur verið valið í landslið Íslands í íþróttagrein sinni gilda eftirfarandi vinnureglur:

- A. Sjóðurinn styrkir að jafnaði einungis landsliðsfólk sem er 25 ára eða yngra.
- B. Ekki eru veittir styrkir til keppni eða æfinga með landsliðum innanlands.
- C. Einungis eru veittir styrkir til landsliðsfólks sem er að keppa fyrir hönd íþróttafélaga í Grindavík.
- D. Ef landsliðsfólk þarf að greiða einhvern hluta sjálft af flugfari eða gistingu skal það eiga rétt á styrk að upphæð **kr. 30.000.-**
- E. Ef landsliðsfólk verður fyrir vinnutapi vegna landsliðsferða skal það eiga rétt á styrk að, **allt að, upphæð kr. 20.000.-**
- F. Landsliðsfólk sem þarf ekki að greiða flug eða gistingu á ekki rétt á styrk úr sjóðnum.
- G. Sjóðurinn veitir styrki (viðurkenningar) vegna Íslands- eða bikarmeistararitla í efstu deildum karla og kvenna í viðkomandi hópíþrótt. Styrkupphæð fyrir Íslandsmeistararitil er **kr. 500.000.-** en fyrir bikarmeistararitil **kr. 350.000.-** Heimilt er að veita allt að 100.000 kr. styrk fyrir sigur í fyrirtækjabikarkeppnum í knattspyrnu, og körfuknattleik og fyrir deildarmeistararitil í körfuknattleik.
- H. Meistaraflokkar í hópíþróttum sem ná að vinna sig upp um deild eiga rétt á styrk allt að **kr. 250.000.**
- I. Styrki vegna Íslandsmeistararitils í einstaklingsgreinum skal sjóðurinn greiða til viðkomandi félaga/deilda, **kr. 50.000.-**, en þó aldrei hærri upphæð en kr. 500.000.-

2. grein.

Allar umsóknir sem berast Íþróttá- og afrekssjóði vegna landsliðsfólks skulu sendar af viðkomandi íþróttafélagi /deild sem sækir um fyrir hönd umsækjandans. Umsóknir verða að vera rétt út fylltar. Að öðrum kosti getur frístunda- og menningarnefnd frestað afgreiðslu umsókna eða hafnað þeim.

3. grein.

Um styrki vegna íþróttahópa eða liða vegna keppni erlendis gilda eftirfarandi reglur:

- A. Eftirtalin mót eru styrkhæf:
 - a. **Heimsmeistaramót**
 - b. **Evrópumót**
 - c. **Norðurlandamót**
 - d. **Alþjóðleg mót, þar sem viðkomandi lið hefur unnið sér þátttökurétt.**
- B. Styrkupphæð fer eftir því hve margir leikmenn eru á leikskýrslu t.d. í knattspyrnu alls 16 og í körfuknattleik alls 12. Að auki er heimilt að veita allt að 4 til viðbótar sambærilega styrki. Hámarksupphæð styrkja á hvern einstakling innan liðs skal eigi vera hærri en samþykkt upphæð fyrir landsliðsfólk er hverju sinni (sbr. liður 1 C).
- C. Æfingaferðir meistaraflokka falla ekki undir reglur sjóðsins.

4. grein.

Almennar styrkveitingar til félaga og/eða deilda skulu að öllu jöfnu veittar til eflingar á unglíngastarfi og fyrir góðan árangur. Frístunda- og menningarnefnd er heimilt að veita styrki til aðila sem er þjálfari, fararstjóri eða fylgdarmaður, t.d. í þeim tilfellum sem viðkomandi þátttakandi er undir 18 ára aldri eða þarf á einhvern hátt á aðstoð að halda, t.d. vegna fötlunar.

5. grein.

Umsóknir til sjóðsins skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum og teljast gildar, berist þær á fjárhagsári bæjarsjóðs, þ.e á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert. (sjá þó ákvæði í 2. grein hér að ofan)

6.grein.

Starfsmanni frístunda- og menningarnefndar er heimilt að afgreiða umsóknir ef umsækjendur uppfylla skilyrði samkvæmt 1. grein hér að ofan. Frístunda- og menningarnefnd skal sent reglulegt yfirlit um afgreiðslu umsókna og getur afturkallað styrkveitingar telji ráðið rökstudda ástæðu til.

Samþykkt á fundi íþróttá- og æskulýðsnefndar apríl 2009

Samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur þann 22. apríl 2009.

Breytingar samþykktar á fundi frístunda- og menningarnefndar þann 7. maí 2012